

Bracci gegn Ítalíu

Dómur frá 13. október 2005

Mál nr. 36822/02

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til að spyrja vitni.

1. Málsatvik

Kærandi er ítalskur ríkisborgari, fæddur 1958 og búsettur á Ítalíu. Hann var handtekinn af lögreglu þann 11. mars 1998 vegna gruns um kynferðisbrot gegn tveimur vændiskonum, X og Y. Kærandi var staðinn að því að ræna vændiskonu þegar hann var handtekinn og slösuðust tveir lögreglumenn við handtökuna. Kærandi var ákærður fyrir tilraun til manndráps, mótspyrnu við handtöku, ólöglegan vopnaburð, nauðgun, líkamsárás, eignaspjöll, frelsissviptingu og vopnað rán.

Þann 2. nóvember 1998 var kærandi dæmdur til sex ára fangelsisvistar, m.a. fyrir þjófnað og kynferðisbrot. Við sakfellingu fyrir kynferðisbrot var sérstaklega litið til framburðar framangreindra tveggja vændiskvenna hjá lögreglu, en þær höfðu ekki komið fyrir dóminn þar sem ekki var hægt að hafa uppi á þeim.

Kærandi áfrýjaði dóminum og dró í efa framburð vændiskvennanna. Krafðist hann DNA-rannsóknar á sæði sem fundist hafði á pilsu X. Þegar áfrýjun hans var vísað frá áfrýjaði hann aftur með vísan til lagaatriða, en þeirri áfrýjun var einnig vísað frá þann 5. desember 2000.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að réttur sinn til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi skv. 6. gr. sáttmálans hefði verið skertur þar sem honum gafst ekki tækifæri til að spyrja eða láta spyrja X og Y og þar sem honum var neitað um að DNA-rannsókn færi fram.

Niðurstaða

Hvað varðaði tækifæri kæranda til að spyrja eða láta spyrja X og Y tók dómstóllinn fram að í samræmi við ákvæði réttarfarslaga hefðu yfirlýsingar þeirra fyrir lögreglu verið lesnar upp og og lagðar fram við efnismeðferð málsins. Af þeim sökum hafði lögmaður kæranda ekki tækifæri til þess að spyrja eða láta spyrja þá sem ásökuðu kæranda um kynferðisbrot. Dómstóllinn taldi að önnur sönnunargögn hefðu stutt framburð X og því ekki séð að skortur á tækifæri til að spyrja eða láta spyrja hana væri brot gegn sáttmálanum. Hvað varðaði framburð Y höfðu ítalskir dómstólar aftur á móti eingöngu byggt á framburði hennar fyrir lögreglu þegar kærandi var sakfelldur. Kærandi fékk því ekki fullnægjandi tækifæri til að draga í efa þann vitnisburð sem var grundvöllur sakfellingar hans fyrir kynferðisbrot gegn Y. Var það einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið á rétti kæranda skv. 1. mgr. og d-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans hvað þennan hluta málsins varðaði.

Dómstóllinn taldi óheppilegt að DNA-rannsókn sú sem kærandi krafðist fór ekki fram þar sem niðurstöður hennar hefðu getað staðfest framburð brotaþolans eða falið í sér sýnileg sönnunargögn sem ef til vill hefðu dregið úr sönnunargildi framburðar brotaþola. Dómstóllinn taldi hins vegar að engar sérstakar ástæður stæðu til þess að það eitt að rannsóknin hefði ekki farið fram bryti gegn 6. gr. sáttmálans. Var því ekki talið að brotið hefði verið gegn sáttmálanum hvað þennan hluta kærunnar varðaði.

Dómstóllinn taldi þá niðurstöðu að brotið hefði verið gegn sáttmálanum fela í sér fullnægjandi sanngjarnar bætur fyrir ófjárhagslegt tjón kæranda. Þá tók dómstóllinn fram að þegar niðurstaða hans væri að kærandi hefði verið sakfelldur af dómstól sem ekki væri sjálfstæður og óvilhallur í skilningi 1. mgr. 6. gr. væri það mest viðeigandi úrræðið að málið yrði endurupptekið án tafar fyrir innlendum dómstól sem uppfyllti þessi skilyrði.